

## 12. FÁTÆKT OG FÉLAGSLEG ÚTSKÚFUN

Aðildarríki viðurkenna rétt hvers barns til lífsafkomu sem nægir því til að ná líkamlegum, sálrænum, andlegum, siðferðilegum og félagslegum þroska.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 1. mgr. 27. greinar



Sá sem býr við fátækt nýtur ekki „viðunandi lífskjara“, svo sem hvað varðar húsnæði og fatnað, næringarríka fæðu og hreint drykkjarvatn, nægar tekjur, atvinnu og aðgengi að heilsugæslu, menntun og félagslegri þjónustu. Fátæktarástand getur verið afleiðing tiltekinna atburða, svo sem stríðsátaka eða náttúruhamfara, heilu samfélagshóparnir geta búið við varanlega fátækt en hver svo sem ástæðan er, þá er fátækt brot á mannréttindum. Þegar fólk skortir grunnauðsynjar til að lifa af eru önnur mannréttindi jafnframt í uppnámi, jafnvel rétturinn til lífsins. Alþjóðabankinn greinir svo frá að í ríkum löndum sé aðeins eitt barn af hverjum hundrað sem nær ekki fimm ára aldri, en í fátæku löndunum séu það allt að tíu af hundraði sem ekki lifa af.<sup>1</sup> En það er engin trygging gegn fátækt að búa í landi allsnægtanna. Í UNICEF-skýrslu um fátækt meðal barna kemur fram að á bilinu 3–25% barna í auðugustu ríkjum heims búi við fátækt. Í sömu skýrslu segir að 47 milljónir barna í ríkjunum 29 sem aðild eiga að OECD (Efnahags- og framfarastofnun Evrópu), eða eitt af hverjum sex, lifi undir fátæktarmörkum, sem eru skilgreind sem helmingur af meðaltekjum í viðkomandi landi.<sup>2</sup>

Öll þjóðfélög leitast við að skapa félagslega samheldni, leggja áherslu á þá þætti sem sameina fólk og berjast gegn eyðandi öflum sem sundra því. Einn meginþátturinn sem veldur sundrung í öllum samfélögum heims er mikill munur á lífskjörum ríkra og fátækra. Með því að takast á við fátækt er því ekki aðeins verið að auka lífsgæði fátæks fólks, heldur er einnig stuðlað að mannréttindamenningu og aukinni félagslegri samheldni í þjóðfélaginu öllu.<sup>4</sup>

Í 27. grein Barnasáttmálans er viðurkenndur réttur hvers barns til lífsafkomu sem nægir því til að ná líkamlegum, sálrænum, andlegum, siðferðilegum og félagslegum þroska, og lögð er rík áhersla á að ríki veiti þeim foreldrum stuðning sem geta ekki veitt börnum sínum viðunandi lífsskilyrði, einkum hvað varðar fæði, klæðnað og húsnæði. Í 26. grein sáttmálans er lögð enn frekari áhersla á rétt hvers barns til að njóta félagslegrar aðstoðar sem geri því kleift að komast til þroska og njóta góðra lífsskilyrða. En stjórnvöld víða skortir fjárráð eða pólitískan vilja til að mæta þörfum barnanna. Jafnvel í auðugum ríkjum lifir fjöldi barna við fátækt. Í Bretlandi lifir til dæmis fimmta hvert barn við fátækt.<sup>5</sup>

Börn upplifa fátækt á annan hátt en hinir fullorðnu gera. Fátækt stofnar daglegu lífi barna í hættu og hefur stigvaxandi og neikvæð áhrif á framtíð þeirra.<sup>3</sup>

Marta Santos Pais  
forstjóri, UNICEF Innocenti Research Centre



Í 29 Evrópulöndum eru fátæktartölur meðal barna allt frá rúmlega 72% (í Rúmeníu) til innan við 3% á Norðurlöndunum fimm (Danmörku, Finnlandi, Íslandi (0,9%), Noregi og Svíþjóð). Í tólf landanna hefur tekist að koma fátæktartölu barna undir 10%. Fátækt meðal barna var minnst á Íslandi miðað við tölur frá 2009.<sup>6</sup> En engin augljós tengsl eru á milli almennrar velferðar barna og landsframleiðslu á mann. Tékkland kemur til dæmis betur út en mörg auðugri lönd, svo sem Frakkland og Austurríki, hvað varðar almenna velferð barna.<sup>7</sup>

Verulegar breytingar á sviði stjórn mála og umhverfis- og félagsmála innan Evrópusambandsins hafa bein áhrif á börn. Líklegra er að ungt fólk í Evrópusambandslöndunum standi andspænis fátækt en þjóðirnar í heild sinni (20% barna á aldrinum 0–15 og 21% þeirra sem eru 16–24 ára, en aðeins 16% fullorðinna).<sup>8</sup> Börn sem eiga fátæka foreldra eða geta ekki búið hjá foreldrum sínum, sem og börn sem tilheyra sumum þjóðernislegum minnihlutahópum, eiga sérstaklega á hættu að þurfa að glíma við fátækt, útskúfun og mismunun.<sup>9</sup>

Ástandið er enn alvarlegra í Austur- og Suður-Evrópu. Þó að heildarfjöldi barna sem búa við fátækt hafi farið minnkandi síðasta áratuginn býr fjórða hvert barn, eða um 18 milljónir barna, við sára fátækt í löndum Suðaustur-Evrópu og Samveldi sjálfstæðra ríkja. Jafnvel þótt efnahagsbati á svæðinu hafi bætt ástandið meðal flestra fullorðinna greinir *Innocenti Social Monitor* 2006<sup>10</sup> frá því að fjöldi barna njóti ekki sömu hagsbóta. Niðurstaða skýrslunnar er sú að þrátt fyrir mjög mismunandi aðstæður í löndum á þessu svæði verji flest stjórnvöld of litlum fjármunum til málefna barna.

---

**SPURNING:** *Hver telur þú vera alvarlegustu langtímaáhrif fátæktar á börn?*

---

Gögn frá fjölda landa sýna stöðugt að börn sem alast upp við fátækt eru almennt verr sett en önnur börn: þeim er hættara við heilsuleysi, að eiga við náms- og hegðunarvanda að etja, að standa sig illa í skóla, verða barnshafandi á unga aldri, hafa minni hæfni og væntingar, vera láglaunuð, atvinnulaus og á framfæri hins opinbera.

Segja má að fólki sem býr við hvers kyns örbirgð eða niðurlægjandi aðstæður sé „félagslega útskúfað“.<sup>11</sup> Börn sem eiga fátæka foreldra eiga sérstaklega á hættu að einangrast félagslega og hafa takmarkaða möguleika á að afla sér menntunar, fá vinnu og ná þroska. Auk réttarins til viðunandi lífsafkomu leiðir fátækt beinlínis til þess að börnin njóta heldur ekki annarra mannréttinda: fátækt getur svipt barn réttinum til menntunar, til félagafrelsis, til hvíldar og tómstunda, til samfélagslegrar þátttöku og annarra borgaralegra og pólitískra réttinda.

Hinir efnahagslegu, pólitísku og félagslegu þættir sem skapa fátækt eru almennt samverkandi og gera stöðu hinna fátæku sífellt verri. Af þeim sökum getur fátækt barn sem tilheyrir minnihlutahópi í senn orðið fyrir kynþáttamisrétti og liðið skort vegna fátæktar. Fjöldi innflytjenda, flóttamanna og róma-barna nýtur lítillar menntunar og ónógrar heilsugæslu, börnin þurfa að vinna og eru auk þess félagslega einangruð.

Stjórnvöld þurfa að taka á fátæktarmálum barna með því að tryggja aðgengi að félagslegri þjónustu (menntun, heilsugæslu, framfærslustyrk) og veita almenna þjónustu (vatn, rafmagn, samgöngur). Stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga eiga einnig þátt í að lina fátækt, til dæmis með matar- og fata-gjöfum, heilbrigðisþjónustu og stuðningi í námi. Bæði stjórnvöld og opinberar stofnanir geta boðið fátækum samfélagshópum upp á tekjuskapandi verkefni, stutt lítill fyrirtæki og skapað atvinnutækifæri, veitt námsstuðning og starfsþjálfun.

Það er mikilvægt atriði, en þó aðeins skammtímalausn, að sjá fátæku fólki fyrir fæði og þaki yfir höfuðið. Ef draga á úr fátækt til langframa þarf að efla þátttöku fátækra í öllu ákvarðanaferli, tryggja samfélagslegar framfarir og útrýma mismunun vegna kynferðis, þjóðernis og félagslegrar stöðu. Til að draga úr fátækt er lykilatriði að auka hagvöxt, þannig að markaðurinn komi betur til móts við fátæka og hæfni þeirra fái notið sín. Allt eru þetta þættir sem einstaklingar jafnt sem stofnanir, bæði stjórnsýslan og hið opinbera, þurfa að vera samtaka um.



Þar sem fátækt meðal barna og aukin félagsleg útskúfun er mikið hættuferli hafa ýmis Evrópulönd sett fram stjórnsýsluáætlanir til að berjast gegn slíku ástandi. Þessar samþættu áætlanir miða ekki einungis að því að auka stuðning, svo sem velferðarþjónustu, heilsugæslu og ungbarnaeftirlit fyrir alla, heldur einnig að stuðla að sjálfseflingu og byggja upp færni og getu fjölskyldu og barna, svo sem með aðgengi allra barna að góðri menntun, foreldrafræðslu og aukinni þátttöku barna í ýmiss konar ákvarðanatökum sem lúta að stefnumótun innan sveitarfélaga. Í slíkri stefnumótun er lykilatriði að vinna gegn kynþáttafordómum og hvers kyns mismunun.

## Mikilvægir mannréttindasamningar

### Evrópuráðið

Mannréttindasáttmála Evrópu, sem kveður á um borgaraleg og stjórnámálaleg mannréttindi, var fylgt eftir með Félagsmálasáttmála Evrópu, sem var samþykktur árið 1961 og endurskoðaður árið 1996, og kveður á um félagsleg og efnahagsleg mannréttindi. Eins og í flestum mannréttindasamningum eru í Mannréttindasáttmála Evrópu afdráttarlaus ákvæði gegn mismunun. Þó að fátækt sé ekki sérstaklega tilgreind þar sem ástæða félagslegrar útskúfunar er getið um slíkt „vegna ... eigna ... eða annarrar stöðu“. Þar sem Félagsmálasáttmáli Evrópu fjallar um daglegt líf einstaklinga er kveðið á um mörg þeirra lykilatriða sem tengjast fátækt:

- **Húsnæði:** aðgangur að sómasamlegu og fjárhagslega hagkvæmu húsnæði; heimilislausum einstaklingum fækkað.
- **Heilbrigði:** allir þegnar samfélagsins njóti aðgengilegrar og skilvirkar heilbrigðisþjónustu, einnig fyrirbyggjandi aðgerða gegn sjúkdómum.
- **Menntun:** ókeypis grunn- og framhaldsskólamenntun og leiðbeiningar um starfsval; grunn- og framhaldsþjálfun í starfi.
- **Atvinnumál:** stefna í félags- og efnahagsmálum sé að tryggja fulla atvinnu.
- **Lagaleg og félagsleg vernd:** réttur til félagslegs öryggis, félagslegrar velferðarþjónustu og félagslegrar aðstoðar; réttur til verndar gegn fátækt og félagslegri útskúfun.

Lykilatriði meðal ákvæða þessa sáttmála er 30. greinin, rétturinn til verndar gegn fátækt og félagslegri útskúfun: Í því skyni að tryggja skilvirka beitingu réttarins til verndar gegn fátækt og félagslegri útskúfun skuldbinda samningsaðilar sig til:

- að gera ráðstafanir innan ramma samræmdrar heildarstefnu sem stuðla að því að þeir sem búa við félagslega útskúfun eða fátækt eða eiga slíkt á hættu, svo og fjölskyldur þeirra, fái meðal annars greiðan aðgang að atvinnu, húsnæði, menntun, fræðslu, menningu, félagslegri aðstoð og heilbrigðisþjónustu,
- að endurskoða þessar ráðstafanir í því skyni að aðlaga þær ef þörf krefur.

### Sameinuðu þjóðirnar

Ýmsar greinar **Mannréttindayfirlýsingarinnar** gera ríkjum skylt að veita þegnum sínum viðunandi þjónustu og sjá til þess að þeir njóti viðunandi lífsskilyrða:

- Rétturinn til félagslegs öryggis, 22. grein.
- Rétturinn til sömu launa fyrir sömu störf, 23. grein.
- Rétturinn til hvíldar og tómtunda, 24. grein.
- Rétturinn til menntunar, 26. grein.
- Rétturinn til þess að taka frjálsan þátt í menningarlífi, 27. grein.

Vísað er afdráttarlausast til fátækta og félagslegrar útskúfunar í 25. grein:

1. Allir eiga rétt á líf skjörum sem nauðsynleg eru til verndar heilsu og vellíðan þeirra sjálfra og fjölskyldu þeirra. Telst þar til fæði, klæði, húsnæði, læknishjálpar og nauðsynleg félagsleg þjónusta,



*svo og réttur til öryggis vegna atvinnuleysis, veikinda, fötlunar, fyrirvinnumissis, elli eða annars sem skorti veldur og menn geta ekki við gert.*

*2. Mæðrum og börnum ber sérstök vernd og aðstoð. Öll börn, hvort sem þau eru fædd innan eða utan hjónabands, skulu njóta sömu félagslegu verndar.*

Ekki hafa öll ríki heims tók á að styðja alla þá sem eru án atvinnu, sjúka, fatlaða, aldraða og aðra sem fá ekki notið viðunandi lífskjara, en ríkjum er skylt að veita eins mikinn stuðning og þeim er unnt. Mannréttindi endurspeglar beinlínis það sem manningnum er nauðsynlegt. Fæði, klæði, húsnæði og læknishjálpar eru ekki einungis nauðsynleg til að lifa af; heldur einnig frumskilyrði mannegrar reisnar.

Í **Barnasáttmálanum** eru ítarleg ákvæði um efnahagslega velferð barna. Þó að foreldrar beri aðalábyrgð á uppeldi barns og því að barni sé komið til þroska, skulu aðildarríki veita foreldrum og lög-ráðamönnum viðeigandi aðstoð ef þeir eru ekki færir um að rækja uppeldisskyldur sínar (18. grein). Í sáttmálanum er einnig kveðið á um rétt barna:

- til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja, og aðstöðu til læknameðferðar og endurhæfingar (24. grein);
- til lífsafkomu sem nægir því til að ná líkamlegum, sálrænum, andlegum, siðferðilegum og félagslegum þroska (27. grein);
- til að njóta félagslegrar aðstoðar, þar með talið almannatrygginga (26. grein).

Ef allar þjóðir heims hefðu fjárráð og pólitískan vilja til að innleiða Barnasáttmálann til fulls væru engin börn heimilislaus eða hunguð.

### Gagnlegar heimildir

- Bradshaw, Jonathan og Benette, Fran, *Fifth Report on United Kingdom National Action Plan On Social Inclusion 2003–2005*: Social Policy Research Unit, University of York, Heslington, York, 2004: [http://ec.europa.eu/employment\\_social/social\\_inclusion/docs/3uk\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/employment_social/social_inclusion/docs/3uk_en.pdf)
- *Child Poverty in Perspective: An overview of child well-being in rich countries*: UNICEF Innocenti Research Centre, 2007: [www.unicef-icdc.org/publications/pdf/rc7\\_eng.pdf](http://www.unicef-icdc.org/publications/pdf/rc7_eng.pdf)
- *Ending Child Poverty within the EU? A review of the 2006-08 national reports on strategies for social protection and social inclusion*: Eurochild, 2007: [www.nabukeuropa.de/fileadmin/user\\_upload/downloads/Handlungsbund\\_Themenfelder/Jugendsozialarbeit/Final\\_NAPs\\_report\\_January\\_2007.pdf](http://www.nabukeuropa.de/fileadmin/user_upload/downloads/Handlungsbund_Themenfelder/Jugendsozialarbeit/Final_NAPs_report_January_2007.pdf)
- Huster, Ernst U., Benz, Benjamin, og Boeckh, Jurgen, *Implementation of the National Action Plan of Germany against Poverty and Social Exclusion (NAPincl) on the Regional and Local Level: Second report 2004 of the non-governmental experts*: Bochum, 2004: [http://ec.europa.eu/employment\\_social/social\\_inclusion/docs/3de\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/employment_social/social_inclusion/docs/3de_en.pdf)
- *Innocenti Social Monitor 2006: Understanding Child Poverty in South-eastern Europe and the Commonwealth of Independent States*: UNICEF Innocenti Research Centre, 2006: [www.unicef.org/ceecis/SocialMonitor-20061018.pdf](http://www.unicef.org/ceecis/SocialMonitor-20061018.pdf)
- *Malta National Action Plan on Poverty and Social Exclusion 2004–2006*: [http://mfss.gov.mt/documents/msp/nap\\_incl\\_mt\\_20040703.pdf](http://mfss.gov.mt/documents/msp/nap_incl_mt_20040703.pdf)
- Minoff, Elisa, *The UK Commitment: Ending Child Poverty by 2020*: Center for Law and Social Policy, Washington DC, 2006: [www.clasp.org/publications/uk\\_childpoverty.pdf](http://www.clasp.org/publications/uk_childpoverty.pdf)
- *A League Table of Child Poverty in Rich Nations*: UNICEF, 2000: [www.unicef-icdc.org/publications/pdf/repcard1e.pdf](http://www.unicef-icdc.org/publications/pdf/repcard1e.pdf)
- *Strategy for Social Cohesion*, Council of Europe Document (CDCS (2000) 43): [www.coe.int/t/dg3/socialpolicies/socialcohesiondev/source/strategy\\_fr.doc](http://www.coe.int/t/dg3/socialpolicies/socialcohesiondev/source/strategy_fr.doc)



- *Towards a EU Strategy on the Rights of the Child: Communication from the Commission COM (2006) 367 final*, Brussel, 2006:  
[http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2006/com2006\\_0367en01.pdf](http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2006/com2006_0367en01.pdf)
- *World Development Report 2000/2001: Attacking poverty*, Alþjóðabankinn, 2000:  
<http://siteresources.worldbank.org/INTPOVERTY/Resources/WDR/English-Full-Text-Report/ch3.pdf>

.....

### Gagnleg vefsvæði

- Félagsmálasáttmáli Evrópu: <http://conventions.coe.int/treaty/en/Reports/HTML/163.htm>

.....

### Tilvísanir

- 1 *World Development Report 2000/2001: Attacking poverty*, World Bank, 2000.
- 2 *A League Table of Child Poverty in Rich Nations*: UNICEF, 2000, bls. 4.
- 3 Sama heimild., bls. iii.
- 4 *Strategy for Social Cohesion*, Document (CDCS (2000) 43): Evrópuráðið, 2000, bls. 7–10.
- 5 *A League Table of Child Poverty in Rich Nations*: UNICEF, 2000.
- 6 *Measuring child poverty: New league tables of child poverty in the world's rich countries*: UNICEF Innocenti Research Centre, 2012, bls. 2.
- 7 *Child Poverty in Perspective: An overview of child well-being in rich countries*: UNICEF Innocenti Research Centre, 2007, bls. 6.
- 8 Sama heimild.
- 9 *Towards an EU Strategy on the Rights of the Child: Orðsending frá framkvæmdastjórninni (2006) 367 final*, Brussel, 2006.
- 10 *Innocenti Social Monitor 2006: Understanding Child Poverty in South-eastern Europe and the Commonwealth of Independent States*: UNICEF Innocenti Research Centre, 2006.
- 11 Sjá Félagsmálasáttmála Evrópu: <http://conventions.coe.int/treaty/en/Reports/HTML/163.htm>

